



Kiwaniis[®]

KIWANISUMDÆMIÐ ÍSLAND-FØROYAR

Fundargerð umdæmisstjórnarfundar nr 4. Kiwanisumdæmisins Ísland – Færeyjar, haldinn að Bíldshöfða 12, Reykjavík, laugardaginn 22. apríl 2017 kl. 10.00

Dagskrá:

1. Fundur settur – kynning fundarmanna
2. Skýrsla umdæmisstjóra
3. Skýrsla umdæmisritara
4. Skýrsla umdæmisféhirðis
5. Skýrsla kjörumdæmisstjóra
6. Skýrslur svæðisstjóra
7. Laga- og ályktunarnefnd
8. Hjálmanefnd
9. K-lyklanefnd
10. Internetnefnd
11. Kynningar og markaðsnefnd
12. Stefnumótunarnefnd
13. Fjárhagsnefnd
14. Styrktarnefnd
15. Þingnefnd
16. Ferðanefnd
17. Fræðslunefnd
18. Önnur mál

Mættir: Haukur Sveinbjörnsson umdæmisstjóri, Konráð Konráðsson kjörumdæmisstjóri, tengiliður gagnagrunns KI og formaður Stefnumótunarnefndar, Gunnsteinn Björnsson fráfarandi umdæmisstjóri og formaður Kynningar- og markaðsnefndar, Magnús Helgason umdæmisféhirðir, Jóhannes Kristján Guðlaugsson svæðisstjóri Freyjusvæðis, Sámal Bláhamar svæðisstjóri Færeyjasvæðis, Benedikt Kristjánsson svæðisstjóri Óðinssvæðis, Emelía Dóra Guðbjartsdóttir svæðisstjóri Ægissvæðis, Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefndar, Tómas Sveinsson Internetnefnd, Björn Baldvinsson Ferðanefnd, Diðrik Haraldsson formaður Ferðanefndar, Sigurður Einar Sigurðsson umdæmisritari, Óskar Guðjónsson formaður Laganefndar og varaforseti KI-EF, Guðlaugur Kristjánsson formaður Fræðslunefndar, Jóhann V. Sveinbjörnsson svæðisstjóri Sögusvæðis, Haraldur Finnsson fyrir Hjálmanefnd. Petrína Ragna Pétursdóttir Hjálmanefnd, Kristján G Jóhannsson formaður Fjárhagsnefndar og Kristinn



Örn Jónsson formaður Þingnefndar, Hjördís Harðardóttir Stefnumótunarnefnd. **Fjarverandi:** Ólafur Jónsson formaður Hjálmanefndar, Sigurður R. Pétursson formaður Styrktarsjóðs, Eyþór Einarsson verðandi kjörumdæmisstjóri og Andrés K. Hjaltason formaður Tryggingarsjóðs og boðuðu þeir forföll.

1. Fundur settur

Haukur Sveinbjörnsson umdæmisstjóri setti fund og bauð fundarmenn velkomna og bað fundarmenn að minnast fallinna Kiwanisfélaga. Að því loknu kynntu fundarmenn sig.

2. Skýrsla umdæmisstjóra

Umdæmisstjóri fór yfir skýrslu sína og nefndi heimsóknir til klúbba og hvað hann hefði starfað frá síðasta umdæmisfundum. Enn fremur nefndi hann samningagerð við JCI hreyfinguna og PIETA samtökin. Sér hann ýmsa möguleika sem gætu leitt til fjölgunar í Kiwanis. PIETA hefði haldið að það gæti sótt styrki frá klúbbum en Haukur sagði að klúbbar réðu sjálfir hvað þeir styrktu. PIETA telur með því að gera samstarfsamning við Kiwanis munu þau fá betri kynningu hjá almenningi. JCI hefur dalað á landsbyggðinni og sér möguleika á tengingum í gegnum Kiwanis. Framkvæmdaráð mun klára samninga við JCI og PIETA og verða þeir lagðir fram við umdæmisþings til samþykktar og undirritunar. Eftir að opnað var fyrir umræður um skýrslu umdæmisstjóra benti Tómas á það að ekki var minnst á ferð til Helgarfells og sagði Haukur frá þeirri ferð til Vestmannaeyja. Kom fram að gustað hefði frá nokkrum Helgafellsfélögum sem höfðu misskilið hvað Helgarfell legði til umdæmisins. Var það leiðrétt á fundinum og eftir að stjórn Helgafells tilkynnti framboð Tómasar Sveinssonar til embættis verðandi umdæmisstjóra 2017-2018 urðu fundarmenn léttir í lund og samþykktu framboð hans með miklu lófataki.

3. Skýrsla umdæmisritara

Umdæmisritari fór yfir skýrslu sína og nefndi að útfylling mánaðarskýrslna mættu vera margfalt betri. Þá fór hann yfir fylgjuskjöl og útskýrði þau með aðstoð skjávarpa. Umdæmið væri einn í plús í félagatölum í dag. Þá var bent á að á nýrri heimasíðu kiwanis.org væri Member Login komin á nýjan stað. Eftir að opnað var fyrir umræður um skýrsluna nefndi Óskar að tölur um innlegg frá klúbbum um KCF í mánaðarskýrslum væru ekki réttar. Umdæmisritari nefndi að líklega væru klúbbar að misskilja hvað hvað KCF / Kiwanis Children Fund væri en það var áður Kiwanis International Foundation. Haraldur spurði hvernig færa ætti hjálmaverkefnið í gagnagrunninum. Ritari sagði færa ætti tíma félaga og hvað margir hefðu dreift hjálmum og hvað mörg börn fengu hjálma og merkja við í Bicycles Safety. Ekki er þörf á að reikna andvirði hjálma.

4. Skýrsla umdæmisfóhriðis

Sendir voru út greiðsluseðlar í byrjun apríl vegna seinni hluta umdæmisgjalda með eindaga 1.



maí. Allir klúbbar hafa gert upp erlendu gjöldin nema Jöklar, en þeir skulda umdæminu tvö ár af erlendum gjöldum. Umdæmisféhirðir nefndi fund með þingnefnd á Akureyri. Lagði hann fram endurskoðaðan ársreikning Kiwanisumdæmisins vegna starfsársins 2015-2016. Opnaðar voru umræður um reikninginn í kjölfarið, og var kallað eftir skýringum á tveimur liðum sem bæði Magnús og Gylfi útskýrðu. Reikningurinn var síðan borinn upp og samþykktur samhljóða og verður lagður fram á næsta umdæmisþingi. Ársreikningurinn verður sendur út til kynningar fyrir umdæmisþing.

5. Skýrsla kjörumdæmisstjóra

Konráð Konráðsson sagði frá skýrslu sinni og nefndi að kjörorð sitt næsta starfsárs væri "Úr vörn í sókn". Hann sagði einnig frá markmiðum umdæmisstjórnar næsta starfsárs, sem er að; fjölga klúbbum, að fylgja eftir stefnumótun umdæmis og að auka fagmennsku í störfum umdæmisins. Konráð nefndi fræðslu svæðisstjóra en fjarvera tveggja kjörsvæðisstjórar hefði skyggt á annars góða fræðslu. Ennfremur ræddi hann komandi fræðslu og stefnumótunarvinnu í Færeyjum. Nokkrar umræða var um stefnumótunarvinnuna og starfið framundan við hana.

6. Skýrslur svæðisstjóra

Økisstjóri Føroyar / Svæðisstjóri Færeyjasvæðis Sámal Bláhamar kynnti sig og verkefni sem í gangi væru í Færeyjum frá byrjun Kiwanis í Færeyjum og hvernig mögulega væri hægt að fá nýja féлага í Kiwanis í Færeyjum. Hlakkar hann til að vinna við stefnumótunna í Færeyjum og fá Kiwanisféлага með fræðsluna til Færeyinga. Óskar kom í pontu og sagði frá nýjum reglum um fjölda í umdæmum og undantekningar á þeim reglum. En ný reglugerð verður kynnt 1. október um starfsemi umdæma. Ennfremur nefndi hann að svæðisstjórar geti verið tvö ár.

Svæðisstjóri Sögusvæðis Jóhann V. Sveinbjörnsson svæðisstjóri sagði frá skýrslu sinni. Hann vill helst að B-skýrslur berist mánaðarlega með mánaðarskýrslunni og væru þær góð tæki fyrir svæðisstjóra til upplýsinga. Svæðisráðsfundur í Sögusvæði verður í veitingastaðnum „Eldhúsið“ kl 13.00 þann 6. maí.

Emelía Dóra Guðbjartsdóttir, svæðisstjóri Ægissvæðis sagði frá skýrslu sinni og nefndi að gott sé að stærri klúbbar bjóði minni klúbbum í heimsókn. Góð vinna fari fram í svæðinu og nefndi hún að það þurfi að bjóða öflugum fólki að ganga í Kiwanis. Eftir að umræður voru opnaðar ræddi Óskar fjölgun og stofnun nýrra klúbba. Guðlaugur nefndi að við þurfum að selja hugmyndina Kiwanis til að fá fleiri í hreyfinguna.

Svæðisstjóri Óðinssvæðis, Benedikt Kristjánsson fór yfir starf sitt og nefndi að hann hefði verið í sambandi við Skjöld vegna veikinda forseta Skjaldar. Hafa Skjaldarfélagar staðið vel saman og unnið í sínum klúbb. Hann nefndi að Embla á Akureyri muni klára starfsárið en hætta svo. Er þeim ekki hnikað í þeirri ákvörðun. Mjög góð mæting var á svæðisráðsfund á Húsavík, en þar mættu fulltrúar frá öllum klúbbum nema Grími. 10. júní verður ævintýraferð í Flatey í Óðinssvæði, en vel hefur bókast í hana eftir að slegin var af árshátíð í svæðinu.



Svæðisstjóri Freyjusvæðis, Jóhannes Kristján Guðlaugsson fór yfir sín störf og var mjög ánægður með sameiginlegan fund Freyjusvæðis í Glæsibæ. Sagði hann frá JCI hefði verið góðan fyrirlestur á þeim fundi. Nefndi hann sameiginlegt hjálmabréf sem er í undirbúningi. Ræddi hann öflugt sölustarf hjá Esju sem fært hefur þeirra klúbb fjórar milljónir í styrktarsjóð með símasölu. Spurði hann hvort það væri ekki eitthvað fyrir umdæmið til að afla tekna.

7. Laga og ályktunarnefnd

Óskar Guðjónsson formaður Laga og ályktunarnefndar ræddi þrjár tillögur.

Tillaga eitt var að í II. Kafli. Hlutverk og skipulag 2. grein umdæmisлага breyttist. Skal að minnsta kosti annar aðilinn vera löggiltur aðili.

Í tillögu tvö að í fjárhagsnefnd sitji umdæmisféhirðir.

Þriðja tillagan um breytingu á lögum ef atkvæði falla á jöfnu.

Umdæmisféhirðir ræddi tillögurnar og nefndi að samræmi í orðalagi í fjárhagsreikningum væri ábótavant og að ársreikningur síðasta árs verði lagðir fram sem fyrst á nýju fjárhagsári. Óskar bað um að áfram verði unnið í tillögunum og bar Haukur það fram að Laga- og ályktunarnefnd vinni áfram að málunum. Var það samþykkt og verða tillögurnar lagðar fram fyrir umdæmisþing. Ennfremur fór Óskar yfir tillögur á KI þingi í París.

Óskar nefndi að beðið sé eftir hvort fleiri tilnefningar komi fram til verðandi kjörumdæmisstjóra 2017-2018, en Helgafell hefur tilnefnt Tómas Sveinsson í það embætti. Mun uppstillinganefnd ræða við viðkomandi um embættið og ef fleiri verða í koma fram í embættið.

Uppstillinganefnd 2016-2017 skipa Óskar Guðjónsson, Hjördís Harðardóttir og Gunnsteinn Björnsson.

Nú var gert matarhlé á fundinum.

8. Skýrsla Hjálmanefndar

Ólafur Jónsson formaður Hjálmanefndar átti ekki heimengt en Haraldur Finnson fulltrúi Freyjusvæðis í hjálmanefnd flutti skýrslu nefndarinnar. Nefndi hann að hjálmarnir hefðu verið Small og gott væri að einhverjir hjálmar væru Medium vegna mismunandi höfuðstærða barna. Hann minnti fundarmenn á kjörorð Kiwanis "Börnin fyrst og fremst". Ræddi hann bréf sem hægt væri að setja með hjálmunum til að auglýsa Kiwanisstarfið. Umræða var um bréfið og hvort það ætti að vera staðlað og hvort klúbbar geti merkt hjálmana með sínu lógói. Nefnt var að áður fyrr hafi verið bréf frá umdæmisstjóra með hjálmunum.

9. K-dagsnefnd

Gylfi Ingvarsson formaður K-dagsnefndar las skýrslu nefndarinnar og var hún sýnd á skjánum. Býður hann sig fram til áframhaldandi setu í K-dagsnefnd, ef engin annar vill bjóða sig fram.

10. Skýrsla Internetnefndar

Tómas Sveinsson formaður Internetnefndar vill fleiri fréttir til birtingar á kiwanis.is. Vinna við við kynngar á Office 365 á umdæmisþinginu eru byrjaðar og verður kynningarmyndband á umdæmisþingi. Óskar spurði um leyfi á hugbúnaðinum og er hann frír.

11. Skýrsla Kynningar- og markaðsnefndar

Gunnsteinn Björnsson kynnti skýrslu sína og sagði að gott væri að klúbbar væru duglegir að senda inn efni í þingblað. Nefndi hann að nýja fésabókarsíðan <https://www.facebook.com/kiwanisicelandfaroe.is> væri fyrir fréttir út á við. Skoða þarf hvaða samfélagsmiðlar nýtast sem best fyrir Kiwanis. Misjafnar skoðanir eru á hvernig fésabókarsíður nýtast og skapaðist umræða um þær með og á móti. Óskar opnaði umræðu um Kiwanisfréttir og hvort þær komi ekki út. Diðrik kom inn á kiwanis.is og finnst að ekki sé gott að finna upplýsingar á vef umdæmis, sérstaklega um KI og KI-EF þingin. Haukur nefndi að til stæði að skanna inn eldri Kiwanisfréttir frá upphafi þeirra og mun Sigurður í Styrktarsjóð leggja þau fram til skönnunar hjá Timarit.is. Það er á vegum Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sem mun vinna verkið.

12. Stefnumótunarnefnd

Konráð Konráðsson formaður Stefnumótunarnefndar fór yfir niðurstöður stefnumótunar og nefndi að næstu helgi yrði farið til Færeyja og haldinn stefnumótunarfundur með félögum þar. Þegar sá fundur væri búinn yrði innlegg Færeyinga sett inn í stefnumótun og haldin málstofa á föstudeginum fyrir þing og lögð svo fyrir umdæmisþingið. Konráð sýndi svo glærur með helstu niðurstöðum.

Á-ætlun um betra umdæmi

Hornsteinn 1 - Árangur í eflingu klúbba

Markmið umdæmisins : Að efla, styrkja og viðhalda félagafjölda Kiwanis í umdæminu og ná því að fjölga félögum í 1.000 fyrir árið 2022 sem er raunfjölgun um 30 félaga á ári.

- Stefnumál 1 - Að fjölga félögum í starfandi klúbbum
- Stefnumál 2 - Að fjölga klúbbum (Young Professionals, ungmennaklúbbar)
- Stefnumál 3 – Að virkja „Formúluna“
- Stefnumál 4 - Að auka áherslu á leiðtogafræðslu (fræðsla í svæði, Kiwanisskólinn, skipulag fræðslu og áherslur)
- Stefnumál 5 - Að auka þátttöku og virkni Færeyskra Kiwanisfélaga í starfi umdæmisins

Hornsteinn 2 - Áhrif þjónustuverkefna

Markmið umdæmisins : Að vinna að skilvirkum og tilgangsríkum þjónustuverkefnum með þjónustu við börn í forgangi.

- Stefnumál 1 - Að halda K-dag annað hvert ár



- Stefnúmál 2 - Að halda áfram með og skjóta styrkari stoðum undir Hjálmmaverkefnið
- Stefnúmál 3 – Að hvetja og styðja klúbba til að koma sér upp lykilverkefni (Auðkennis(Signature)). Þjónusta við börn!
- Stefnúmál 4 - Að taka virkan þátt í heimsverkefnum
- Stefnúmál 5 - Að styrkja samstarf við styrktarsjóð umdæmisins og Kiwanis Childrens Fund (KCF)

Hornsteinn 3 - Ásýnd

Markmið umdæmisins : Að gera ásýnd Kiwanis sýnilegri, sterkari og áhrifameiri.

- Stefnúmál 1 - Að samræma framsetningu og notkun á merki Kiwanis (branding)
- Stefnúmál 2 - Að endurskoða stöðugt vefsíðu og útgáfumál
- Stefnúmál 3 – Að styrkja innri markaðssetningu
- Stefnúmál 4 - Að auka ytri markaðssetningu og gera hana markvissari

Hornsteinn 4 - Árvekni – fjármál

Markmið umdæmisins : Árvekni í fjármálum með það að markmiði að auka hagkvæmni í rekstri og tryggja ábyrga ráðsmennsku með fjármuni umdæmisins og gjöld félaga.

- Stefnúmál 1 - Að leita leiða til að fjármagna rekstur umdæmisins með öðru en félagsgjöldum
- Stefnúmál 2 – Að auka útleigu húsnæðis umdæmisins

Nokkur var umræða var um stefnumótun og var almenn ánægja um það sem fram væri komið. Tryggja þarf að sem flestir kynni sér stefnumótunna og eru ýmsar leiðir til þess, til dæmis tölvupóstur, setja í þingblað eða senda í pósti. Umræða var um lykilverkefni (signature) verkefni og hvað kallast slíkt. Haukur bað fundinn um heimild að halda áfram með stefnumótun og var það samþykkt.

13. Skýrsla Fjárhagsnefndar

Kristján G Jóhannsson formaður Fjárhagsnefndar og lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun 2017-2018 og nefndi að hún væri unnin í samráði við umdæmisféhirðir og kjörumdæmisstjóra. Hann fór yfir fjárhagsáætlana og nefndi að miðað væri við markmiðið að félagar yrðu 850 við byrjun nýs Kiwanisárs og að félagar greiði 11.000 kr til umdæmis. Haukur lagði fjárhagsáætlun fram til samþykktar og var hún samþykkt til áframhaldandi vinnu og lögð fram til umdæmisþings.

14. Skýrsla Styrktarnefndar

Haukur fór yfir ársreikninga Styrktarsjóðs fyrir árið 2016 í fjarveru formanns.

15. Skýrsla Umdæmisþingnefndar

Kristinn Örn Jónsson formaður þingnefndar sagði frá skýrslu sinni og fjárhagsáætlun umdæmisþings. Tilboð í gistingu renna út 1. maí og hvetur hann klúbba að tryggja sér gistingu sem fyrst. Umdæmisritari sendi út boðun á þing og mun hann senda klúbbum hvað þinggjald er um leið og það hefur verið samþykkt. Formaður fór yfir áætlun þingnefndar og var hún samþykkt. Þinggjald verður kr 4.000 og miðinn á Galaveislu mun kosta 9.500.



16. Skýrsla Ferðanefndar

Diðrik Haraldsson formaður Ferðanefndar og sagði að lokagreiðsla væri í maí og verður þá rukkuð gegnum ferðaskrifstofuna. Nánari upplýsingar munu koma frá nefndinni þegar nær dregur. 38 manns verða í Frakklandsferðinni en sex koma á eigin vegum á heimsþing KI og Evrópuþing KI-EF. Diðrik upplýsti að nefndin munni líklega undirbúa ferð á KI-E þing í Ítalíu, en þingið verður þar í Baveno hjá Lago Maggiore vatni 25. -26. maí 2018.

17. Skýrsla Fræðslunefndar

Formaður hennar Guðlaugur Kristjánsson talaði út frá skýrslu sinni og sagði frá fræðslu svæðisstjóra en tvo hefði vantað á hana, en hún hefði tekist mjög vel. Nefndi hann að hann væri búin að vera með erindi í nokkrum klúbbum um almenn fundarsköp og hefði umdæmisstjóri verið með í för.

18. Önnur mál.

Björn Baldvinsson talaði um Tryggingasjóð og að eldri félögum sem eru búnir að vera í sjóðnum í 15 - 20 ár og þurfa að hætta vegna heilsubreysts að sækja fundi. Honum finnst eðlilegt slíkir félagar fengju að borga áfram í Tryggingasjóð og þyrftu ekki að hætta. Hjördís sagði slíka tillögu hafa komið fram á þinginu í Vestmanneyjum.

Haukur nefndi göngu PIETA gengið til ljóssins 6. maí og hvatti Kiwanisféлага að mæta á hana. Nefndi hann að umdæmisskipti yrðu á sunnudegi á þingi í nýjum sal Kaldbaks.

Tómas Sveinsson kom næstur og þakkaði góðan stuðning við framboð til verðandi kjörumdæmisstjóra 2017-2018 og fór síðan yfir 50 ára afmæli Helgafells og hvatti Kiwanisféлага til að heilsa uppá Helgafell 7. október á þessum merku tímamótum.

Emelía Dóra kom upp og sagði að hún vildi ekki að ávallt sé talað alltaf um Kiwanismenn heldur nota frekar Kiwanisfélagar þar sem konur væru líka í hreyfingunni, það þurfi að vanda talið. Hún er ánægð með framboð Tómasar verðandi umdæmisstjóra. Haukur tók undir orð hennar um að gæta að því hvernig við tölum.

Óskar Guðjónsson kom næstur með innlegg fyrir umræðuna sem fer fram í Færeyjum á næstunni um stefnumótun eins og áður hefur komið fram og fór yfir ýmiss atriði um hreyfinguna sem gott væri að nota á fundinum í Færeyjum. Nefndi hann að til staði að kynna breytingar í október, á því hversu margir félagar þyrftu að vera í umdæmi og hvað margir klúbbar. Það sem getur haft áhrif á hvaða félagafjöldi er krafist er til dæmis málsvæði, gjaldmiðill, efnahagur og stjórnunarkostnaður. Hann er jafnframt ekki ánægður með fyrirmyndarviðmiðin til klúbba og úr því þyrfti að bæta. Beindi hann orðum sínum til kjörumdæmisstjóra um fyrirmyndamarkmiðin. Hann hvatti Kiwanisféлага til að rita Kiwanis með stóru K, ekki með litlu k.



Kristinn Örn kom að sagði frá húsnæðisskiptum hjá Kaldbaksfélögum en þeir félagar hafa fest kaup á nýju húsnæði á Óseyri sem þeir eru að gera upp og mun húsnæðið taka 70 manns í sæti. Varpaði Kristinn þeirri hugmynd fram að umdæmisstjórnarfundinn sem haldinn er á þinginu yrði í nýja húsnæðinu.

Sámal kom og sagði að Færeyingar vildu frekar nota ensku í samskiptum því tungumálaerfiðleikar væru þröskuldur í samstarfi Færeyinga við Kiwanisumdæmið.

Kristján Jóhannsson kom og kallaði eftir þinggerð síðasta umdæmisþings, en hún hefur ekki borist frá fyrrverandi umdæmisritara.

Benedikt kom næstur og talaði um reglugerðir heimsstjórnar og hvað þeir væru að bralla.

Guðlaugur kom næstur og sagði frá tölvupósti sem hann fékk frá Færeyjum og hver skráttin sum orðin væru samanborið við íslensku.

11. Fundarslit

Haukur Sveinbjörnsson þakkaði fyrir góðan fund og sleit svo fundi kl 15.45.

Fundargerð ritaði

Sigurður Einar Sigurðsson

Umdæmisritari